## 1994 nr. 90 9. maí

# Lög um réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu og samnings um opna lofthelgi

**Tóku gildi 3. júní 1994.** *Breytt með* l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **utanríkisráðherra** eða **utanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Eftirlitsmenn og flutningsáhafnir, sem starfa á grundvelli samnings frá 19. nóvember 1990 um hefðbundinn herafla í Evrópu og samnings frá 24. mars 1992 um opna lofthelgi, skulu njóta þeirrar friðhelgi, forréttinda og undanþágna hér á landi sem kveðið er á um í samningunum.

■ **2. gr.** [Ráðherra][1)] getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

[1)] *L. 126/2011, 196. gr.*

■ **3. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.

ELDRI ÚTGÁFA